

**71. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 25. september
2018 og hófst hann kl. 08:10.**

Fundinn sátu:

Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður, Steinunn Guðný Einarsdóttir varaformaður og Aðalsteinn Egill Traustason aðalmaður.

Embættismenn:

Hálf dán Bjarki Hálf dánsson, upplýsingafulltrúi, Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi og Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

Fundargerð ritaði: Hálf dán Bjarki Hálf dánsson, upplýsingafulltrúi.

Dagskrá:

1. Gjaldskrár 2019 - 2018030083

Kynnt drög að gjaldskrá næsta árs fyrir sorphirðu og -förgun, hundahald, kattahald og tjaldsvæði í Ísafjarðarbæ.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd leggur til að gjaldskrár fylgi áætlaðri verðlagsþróun næsta árs. Gjaldskrá tjaldsvæða hækki ekki í ár, þar sem gjaldliðir hennar standa á heilu hundraði.

2. Samþykkt um sorpmál - 2018080026

Lögð fram lokadrög nýrrar samþykktar um sorpmál. Helstu breytingar varða sorphirðu einstaklinga og fyrirtækja í dreifbýli.

Nefndin leggur til við bæjarstjórn að samþykkt um sorpmál verði samþykkt.

3. Göngustígar 2019 - 2018060076

Lagt fram minnisblað Ralf Trylla umhverfisfulltrúa, dags. 7. september 2018, um göngustígakerfi í Ísafjarðarbæ ásamt uppfærðri viðhaldsáætlun og flokkun göngustíga.

Lagt fram til kynningar. Nefndin felur umhverfisfulltrúa að óska eftir umsögnum hverfisráða Ísafjarðarbæjar um gögnin.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:40

71. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Steinunn Guðný Einarsdóttir

Aðalsteinn Egill Traustason

Hálfván Bjarki Hálfvánsson

Ralf Trylla

Brynjar Þór Jónasson